Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 1.11. 2019. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8.00-8.30

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð, Arna Vilhjálmsdóttir, Margrét Hildur Ríkharðsdóttir, Helga Helgadóttir (fjarverandi), Hugrún Helga Ketel, Arna Rut Hjartardóttir (fjarverandi), Dröfn Sigurðardóttir (fjarverandi) Elva Katrín Sigurðardóttir og Þorgerður Katrín Ómarsdóttir.

Dagskrá

1. **Innra mat – Skólapúlsinn**
   Guðbjörg Inga deildarstjóri og umsjónarmaður Skólapúlsins í Hraunvallaskóla fór yfir fyrstu niðurstöður Skólapúlsins fyrir nemendur í 6-10. bekk. Niðurstöður eru jákvæðar og skólinn er marktækt yfir á nokkrum þáttum. Þá hefur áhugi á náttúrufræði aukist til muna og er núna kominn í plús. Niðurstöðurnar eru því á sömu nótum og á síðasta skólaári sem er ánægjulegt.

   Rætt var um hvernig megi kynna þessar niðurstöður fyrir nemendum. Gott væri ef hægt væri að gera það 2x ári sem og gefa nemendum tækifæri til að rýna spurningar og koma með athugasemdir og ábendingar varðandi könnunina.

2. **Kynning á áhersluverkefni – Umferðarfræðsla**
   Skólastjóri sagði frá því að grunnskólar Hafnarfjarðar verða í sérstöku samstarfi við Samgöngustofu á skólaárinu 2019-2020. Samgöngustofa tekur þátt í að styðja grunnskólana við að efla umferðarfræðslu í skólunum með ráðgjöf og fræðslu en markmið samstarfsins er að efla umferðarfræðslu í grunnskólunum og styrkja reglulega fræðslu til nemenda um umferðarmál í einstaka árgöngum grunnskólanna. Verkefnið er unnið í samstarfi við einstaka skóla og skólastjórnendur grunnskólanna.

   Sérstök verkefnisstjórn er um verkefnið í vetur með fulltrúa Samgöngustofu, skólastjóra Hraunvallaskóla, Önnu Kristínu Friðriksdóttur teymisstjóra verkefnisins og kennara í Hraunvallaskóla og þróunarfulltrúa grunnskóla. Unnið er eftir verkefnaáætlun sem verkefnisstjórnin setti sér og skólarnir vinna eftir.

3. **Umfjöllun um fyrirkomulag skólakynninga að hausti**
   Rætt var um fyrirkomulag á skólakynningum á haustin en mæting og áhugi foreldra minnkar eftir því sem ofar dregur í aldri nemenda. Sjónarmið foreldra er að þeir séu að heyra það sama milli ára og að það sé of mikil áhersla sameiginlega þætti í skólastarfinu á kostnað upplýsinga um áherslur í námi í hverjum árgangi.

   Rætt var um að nýta tímann á skólasetningu betur og einfalda kynninguna þar sem megin áhersla væri á fyrirkomulag náms og bekkjarstarfs í viðkomandi árgangi. Síðan mætti vera með sameiginlega fund undir lok september þar sem farið væri yfir sameiginlega þætti í skólastarfinu og skólanum er skylt að kynna. Mikilvægt er að móta nýtt fyrirkomulag á þessu skólaári svo hægt sé að virkja nýtt skipulag strax næsta haust.

4. **Breytingar á UT reglum**
   Guðbjörg Norðfjörð aðstoðarskólastjóri kynnti nýjar merkingar/útlit á UT reglum. Búið er að fara yfir skólann og merkja öll svæði á viðeigandi hátt svo nemendur viti hvað sé leyfilegt á hverjum stað fyrir sig. Ein breyting var gerð á UT reglum en áður var leyfilegt að hluta til að vera með snjalltæki í matsal en nú er það algjörlega bannað.

5. **Brosið**
   Skólastjóri sýndi nýjasta Brosið, fréttabréf Hraunvallaskóla, sem er aðgengilegt á heimasíðu skólans.

6. **Kynfræðsla**
   Fulltrúar nemenda óskuðu eftir betri kynfræðslu í Hraunvallaskóla. Þeim fannst mikilvægt að nemendur fræðist um bæði kynin, samskipti og mörk, mun á kynlífi og klámi svo eitthvað sé nefnt. Skólastjóri mun taka málið til skoðunar og greina stöðuna. Málið verður síðan tekið upp í kjölfarið.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland